

Mál nr. 294/2015
M og
vátryggingafélagið V v. fasteignatryggingar.

Vatnstjón þegar rör byrjuðu að leka á baðherbergi þ. 7.4.2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 4.8.2015, ásamt fylgiskjali.
2. Bréf V dags. 20.8.2015 ásamt fylgiskjöllum 1-8.

Málsatvik.

M segir að lagnir á baðherbergi húss hans hafi byrjað að leka þ. 7.4.2015 og krefst hann bóta úr fasteignatryggingu sinni hjá V og telur að rör á baðherberginu hafi sprungið. V hafnar bótaskyldu og hefur eftir pípulagningamanni sem kom á vettvang að meginorsök lekans hafi verið óþéttur frágangur við baðkar, en slíkur leki og afleiðingar hans eru ekki bótaskyldur að mati V. Þá segir V að M hafi verið búinn að rífa allt úr baðherberginu þegar pípulagningamaður og skoðunarmaður á vegum V komu á vettvang. V telur ekkert fram komið í málinu sem sýni fram á að skilyrði bótaábyrgðar úr fasteignatryggingu M séu fyrir hendi.

Álit.

Af hálfu M hefur ekki verið sýnt fram á eða gert sennilegt að það tjón sem hann krefst bóta fyrir á baðherbergi húss hans sé vegna þess að vatn hafi streymt óvænt og skyndilega úr leiðslum hússins, en það er skilyrði þess að um bótaskyldu V sé að ræða í tilviki eins og því sem hér er lýst. M á því ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 8.9.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.